

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. júní 1999.

Reykjavík, 3. júní 1999.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

Nr. 404

6. maí 1999

AUGLÝSING

um friðlýsingu húsa sbr. 1. mgr. 35. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 með síðari breytingum.

MENNTAMÁLARÁÐHERRA

gjörir kunnugt:

Með vísan til 1. mgr. 35. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 með síðari breytingum, hefur menntamálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar ríkisins að friða ytra borð hússins Austurstræti 5 í Reykjavík og innra borð afgreiðslusalar.

Með vísan til 1. mgr. 35. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 með síðari breytingum, hefur menntamálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar ríkisins að friða ytra borð Neskirkju í Reykjavík.

Með vísan til 1. mgr. 35. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 með síðari breytingum, hefur menntamálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar ríkisins að friða ytra borð, fastar innréttingar í kringlu (þ.m.t. kennarastofu), skála og samkomusal á 3. hæð Melaskólans í Reykjavík.

Með vísan til 1. mgr. 35. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 með síðari breytingum, hefur menntamálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar ríkisins að friða ytra borð hússins að Ægisíðu 80 í Reykjavík.

Með vísan til 1. mgr. 35. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 með síðari breytingum, hefur menntamálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar ríkisins að friða ytra borð Rannsóknarhúss II, Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum í Reykjavík og fastar innréttingar í bókasafni.

Ritað í Reykjavík, 6. maí 1999.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.